

Fundargerð 161. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Miðvikudagur 2. sept 2015
Fundartími:	19:00 – 23:45
Fundarmenn:	Árni Eiríksson Svanhvít Hermannsdóttir Margrét Jónsdóttir Sigurbára Rúnarsdóttir Elín Höskuldsdóttir Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Undir lið 1. Ingunn Jónsdóttir formaður Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps, Ingibjörg Einarsdóttir, Guðrún Elísa Gunnarsdóttir og Sólveig Þórðardóttir, formenn kvenfélaganna í Flóahreppi og Magnús Hlynur Hreiðarsson Undir lið 16. Stefán Geirsson varamaður Sigurbáru Rúnarsdóttur

Dagskrá:

1. Umhverfismál – fjölnota innkaupapokar afhentir

Ingibjörg Einarsdóttir, Guðrún Elísa Gunnarsdóttir og Sólveig Þórðardóttir, formenn kvenfélaganna í Flóahreppi mættu til fundarins og afhentu formanni Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps, Ingunni Jónsdóttur, 210 fjölnota innkaupapoka sem sendir verða á hvert heimili í sveitarfélaginu í tilefni af „Degi umhverfisins“, 16. september 2015. Með táknrænum hætti vill Flóahreppur þannig leggja sitt að mörkum til þess að stuðla að minni plastpokanotkun í samfélaginu og minna á mikilvægi þess að við hlúum að umhverfi okkar. Með aukinni vitund um mikilvægi þess að flokka sorp og með minni notkun á einnota umbúðum stuðlum við að sjálfbærni og sátt við umhverfi okkar.

Sveitarstjórnin færði kvenfélögunum þakkir fyrir gott framlag til umhverfismála. Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 95, dags. 27.08.2015

a) Langholt 2: Breyting á notkun útihúsa: fyrirspurn – 1508061

Lögð fram fyrirspurn eigenda Langholts 2, dags. 20. ágúst 2015 um hvort að heimilt verði að byggja um 120 fm gistihús þar sem 70 fm vélaskemma stóð áður og hvort að heimilt sé að byggja um 75 fm gallerí þar sem áður var 50 fm geymsla. Að mati skipulagsnefndar er forsenda ofangreindra framkvæmda að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Galtastaðir: Deiliskipulag – 1508027

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi fyrir Galtastaði. Í tillögunni er enn gert ráð fyrir þremur sumarhúsum en umfang fyrirhugaðrar móttökustöðvar hefur minnkað. Áður var gert ráð fyrir sex u.þ.b. 17,5 m háum staurum auk tækjahúss en nú er gert ráð fyrir þremur u.þ.b. 15 m háum staurum. Jafnframt er óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins ef það er forsenda fyrir samþykkt deiliskipulagsins.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi.

Það er mat nefndarinnar að ekki sé þörf á að breyta aðalskipulagi en ef það er mat Skipulagsstofnunar gerir nefndin ekki athugasemd við að sveitarstjórn feli

skipulagsfulltrúa að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar byggða á fyrirbyggjandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 4 atkvæðum. Margrét Jónsdóttir sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.

c) Ferjunes 2 land 2: Umsókn um byggingarleyfi: Geymsla – viðbygging – 1508046

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir geymslu í spildunni Ferjunesi 2, land 2. Nefndin samþykkir að grenndarkynna umsóknina skv. 44. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 24. ágúst 2015. – 15 – 12 – 1508002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 24. ágúst 2015.

3. Leikskólastjóri Krakkaborg – staðfesting á ráðningarsamningi

Lagður fram til staðfestingar ráðningarsamningur við Guðbjörgu Hólm Þorkelsdóttur leikskólastjóra Krakkaborgar.

Sveitarstjórn býður Guðbjörgu velkomna til starfa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Tónsmiðju Suðurlands ósk um aukin framlög, frestað á 159. fundi

Lagt fram erindi frá Tónsmiðju Suðurlands þar sem óskað er eftir því að Flóahreppur auki framlag sitt til Tónsmiðjunnar sem nemur 2 nemendaígildum til viðbótar.

Sveitarstjórn sér ekki möguleika á að verða við erindinu á yfirstandandi fjárhagsári, og leggur til að því verði vísað til fjárhagsáætlanagerðar fyrir árið 2016.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Elín Höskuldsdóttir sat hjá.

5. Úr fundargerð fræðslunefndar - fyrirkomulag skólaaksturs

Í fundargerðinni er bókað að farið hafi verið yfir gögn um fyrirkomulag skólaaksturs í Flóaskóla fyrir skóla árið 2015 – 2016. Þar kemur einnig fram að skólaakstur muni að öllu óbreyttu fara fram úr fjárhagsáætlun ársins, þrátt fyrir hagræðingu í skipulagningu akstursleiða. Fræðslunefndin samþykkti akstursáætlunina að því tilskyldu að viðbótarfjármagn fái til akstursins.

Sveitarstjórn samþykkir skipulag akstursins en felur sveitarstjóra að taka saman minnisblað þar sem fram koma ástæður fyrir því að þessi liður stenst ekki áætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Úr fundargerð fræðslunefndar - bætt hljóðvist í Þjórsárveri

Skólastjóri Flóaskóla óskar eftir því að fræðslunefnd beiti sér fyrir því að unnið verði að úrbótum vegna hljóðvistar í Þjórsárveri.

Sveitarstjórn leggur til að umsjónarmanni fasteigna verði falið að leita leiða til úrbóta vegna hljóðvistar í húsinu og að stilla upp kostnaðaráætlun vegna þeirra, fyrir fjárhagsáætlanagerð næsta árs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Úr fundargerð fræðslunefndar vegna skólastefnu

Fræðslunefnd tekur undir ábendingar skólastjóra um mikilvægi þess að skólastefna sveitarfélagsins sé íbúum aðgengileg, og vísar til sveitarstjórnar tillögu um að skólastefna sveitarfélagsins verði gerð íbúum notendavænni, með því að binda hana inn.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að setja skólastefnuna á heimasíðu Flóahrepps og senda til skólastjórnenda með ósk um að hún verði kynnt á heimasíðum skólanna.

Ekki er talin ástæða til þess að binda hana inn því hún á að vera lifandi plagg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Skrifstofa Flóahrepps, aukið starfshlutfall – launavinnsla

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur til að samningi við Hrunamannahrepp um launavinnslu fyrir sveitarfélagið verði sagt upp. Uppsögn miðist við áramót 2015 –

2016. Samhliða er gert ráð fyrir aukningu á starfshlutfalli á skrifstofu Flóahrepps. Sveitarstjóra falið að kanna hversu hátt starfshlutfall launavinnslunnar er. Sveitarstjórn þakkar gott samstarf við Hrunamannahrepp um launavinnslu sem staðið hefur frá árinu 2010 og felur sveitarstjóra að senda tilkynningu um uppsögnina. Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Þjónusta trúnaðarlæknis

Lögð fram drög að samningi milli Hsu Hvolsvelli og Flóahrepps um þjónustu trúnaðarlæknis.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Heimasíða Flóahrepps – uppfærsla

Lagt fram tilboð frá Emstrum ehf um uppfærslu, flutning á efni og hýsingu á vefsíðu Flóahrepps, sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til opinberra vefja m.a. um skipulag á uppsetningu, aðgengi fyrir sjónskerta, gagnvirkni og sjálfvirka móttöku eyðublaða. Afgreiðslu frestað til fjárhagsáætlanagerðar ársins 2016.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi frá Ungmennafélögunum – akstur á íþróttæfingar

Lagt fram erindi frá Hallfríði Aðalsteinsdóttur fyrir hönd ungmennafélaganna í Flóahreppi þar sem óskað er eftir framlagi allt að 250.000 kr vegna aksurs á íþróttæfingar í Þingborg veturinn 2015 – 2016.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá N4 – vegna áframhaldandi þáttagerðar á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá sjónvarpsstöðinni N4. Fyrirhugað er að gera 12 þætti til viðbótar á árinu með saman sniði og þættirnir 24 sem sýndir voru á tímabilinu janúar – júní. Kostnaður vegna þáttagerðarinnar er 250.000 kr + vsk. pr. sveitarfélag til loka árs 2015.

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur til að verkefnið verði styrkt áfram með sama hætti og á fyrri hluta ársins og hvetur önnur sveitarfélög á svæðinu til þátttöku í verkefninu..

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Tilnefning fulltrúa á aðalfund SASS, Sorpstöðvar Suðurlands og HES

Sveitarstjórn Flóahrepps tilnefnir eftirtalda á aðalfund SASS, Sorpstöðvar Suðurlands og HES:

Aðalfundur SASS: - Árni Eiríksson, Margrét Jónsdóttir og Elín Höskuldsdóttir

Varamenn eru Sigurbára Rúnarsdóttir, Stefán Geirsson og Rósa Matthíasdóttir

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands: - Árni Eiríksson, varamaður Margrét Jónsdóttir

Aðalfundur HES: Árni Eiríksson, Margrét Jónsdóttir og Elín Höskuldsdóttir

Varamenn eru Sigurbára Rúnarsdóttir, Stefán Geirsson og Rósa Matthíasdóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 159 , dags. 01.07.2015

Lögð fram til kynningar

b) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 160 , dags. 18.08.2015

c) Lögð fram til kynningar

d) Fræðslunefndar nr. 85, dags. 18.08.2015

Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til breytingar á starfsheiti deildarstjóra/staðgengils skólastjóra í aðstoðarskólastjóra. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á starfsheitinu..

Í fundargerð fræðslunefndar kemur fram tillaga um að gjald verði tekið fyrir svokallað náðarkort. Sveitarstjórn Flóahrepps vill bjóða upp á gjaldfrjálst „náðarkort“ áfram eins og verið hefur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Lögð fram til kynningar

e) Stjórnar skipulags og byggingarfulltrúa nr. 25, dags. 27.08.2015

Lögð fram fundargerð stjórnar skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita nr 25 dags. 27.08.2015 ásamt minnisblaði frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita dags. 18.08.2015. Efni minnisblaðs er starfsmannamál skipulags og byggingarfulltrúa embættisins og tillaga að nýju skipuriti sem miðar við ráðningu á einum viðbótarstarfskrafti til þess að annast umsjón með skjalavörslu og skráningu gagna. Góð skjalavarsla er mikilvægur þáttur í starfsemi embættisins vegna þess mikla fjölda mála sem eru í vinnslu á hverjum tíma, ásamt því að kröfur til skjalaskráningar hafa verið auknar í tengslum við upptöku gæðakerfis í samræmi við ákvæði laga um mannvirki. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur stjórn byggðasamlagsins til þess að heimila ráðningu starfsmanns..

f) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 241, dags. 22.06.2015

Lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi nr 14. dags. 12.08.2015

Lögð fram til kynningar.

15. Efni til kynningar:

a) Upplýsingar úr bókhaldi vegna útleigu á Þjósárverri sumarið 2015

Lagðar fram upplýsingar úr bókhaldi vegna útleigu á tjaldsvæði og félagsheimili í Þjósárverri 2015. Fram kemur að tekjur vegna útleigu á tjaldsvæði eru kr 223.329 og af félagsheimili kr 181.500 eða samtals kr. 404.829.

b) Ársskýrsla Flóaskóla 2014 – 2015, dags. 29. 06.2015

Lögð fram til kynningar.

c) Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2015

d) Hreyfivika UMFÍ – vilt þú vera boðberi hreyfingar

16. Önnur mál:

Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Stefán Geirsson
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri